

Kröfur til aðgangsorða

Eftirfarandi eru kröfur sem gerðar eru til aðgangsorða og gæta þarf að því að fara eftir þeim.

- Aðgangsorð skulu vera minnst **8 stafa löng**.
- Aðgangsorð skal endurnýjað eigi sjaldnar en á **þriggja mánaða fresti**.
- Aðgangsorð skulu innihalda **a.m.k. einn tölustaf og einn bókstaf**.
- Sama táknið má nota oftast en einu sinni í hverju aðgangorði en þó má það **ekki standa hlið við hlið**.
- Ekki er hægt að endurnýta aðgangsorð fyrr en að liðnum **180 dögum**.
- Gerður er greinamunur á há- og lágstöfum.
- Leyfðar eru **þrjár árangurslausar tilraunir** eru við innslátt á aðgangsorði. Sé rangt aðgangsorð slegið inn í fjórðu tilraun er aðgangsorðinu “læst” og notandinn kemst ekki inn, jafnvel þó að hann slái inn rétt aðgangsorð.
- Forðast ber að nota aðgangsorð sem auðvelt er að giska á, eins og t.d. nafn skyldmennis, bílategund og slíkt. Einnig ber að forðast aðgangsorð sem tengjast starfi viðkomandi.
- **Ekki skal “lána”** öðrum, notandanafn eða aðgangsorð.

Leiðbeiningar til að endurstilla aðgangsorð eru hér í framhaldi á næstu blaðsíðum.

Endurstilla aðgangsorð (lykilorð = leyniorð)

***Ath ekki er hægt að nota þessar leiðbeiningar nema notandi sé með gilt tölvupóstfang skráð í Orra. Ef svo er ekki eða ekki vitað þarf að hafa samband við launafulltrúa viðkomandi stofnunar.**

1. Farðu inn á síðuna **Orra.is** til þess að fá neðangreinda mynd eða slóðina
https://heima.orri.is/OA_HTML/AppsLogin
2. Smelltu á textann „**Týnt notandanafn eða aðgangsorð**“ (þetta er hlekkur) fyrir neðan hnappinn „Tenging“
3. **Athugið að þetta verður að gera á tölvu sem er á vinnustaðnum eða vera á slóðinni**
<https://heima.orri.is>



Tenging

ORACLE

*Notandanafn
(dæmi: michael.james.smith)

*Aðgangsorð
(dæmi: 4u99v23)

Tenging Hætta við

Týnt notandanafn eða aðgangsorð

Aðgengileiki Ekkert

Velja tungumál:
Íslenska English

Yfirl. um vernd persónul. uppl. á vefsíðu

4. Skráðu inn notandanafnið þitt í reitinn *Notandanafn* og smelltu á hnappinn „**Aðgangsorð gleymt**“

Innskrán.aðstoð

ORACLE Global HRMS Manager

Innskrán.aðstoð
* Fyllið í stjórnumerkt svæði

Aðgangsorð gleymt

Skrá þarf notandanafnið, leiðbeiningar um hvernig á að endurstilla aðgangsorðið verða sendar í tölvupósti til þín.

Notandanafn **Aðgangsorð gleymt**

Notandanafn gleymt

Skráið tölvupóstfangið sem er tengt aðgangnum og notandanafnið verður sent þér í tölvupósti.

Netfang **Notandanafn gleymt**
(Dæmi: first.last@domain.com)

Yfirl. um vernd persónul. uppl. á vefsíðu

5. Þá birtist staðfesting á beiðninni

ORACLE Global HRMS Manager

Staðfesting

Beiðnin um endurstillingu aðgangsorðsins hefur verið send. Tölvupóstur með leiðbeiningum verður sendur innan skamms. Hafið samband við Þjónustuver Advania s. 440 9112 ef enginn tölvupóstur er móttækinn innan næstu 10-15 mínútna.

Í lagi

Yfirl. um vernd persónul. uppl. á vefsíðu Copyright (c) 2006, Oracle. All rights reserved.

6. Þú færð síðan tölvupóst með neðangreindu heiti

Tilkynning frá FYI: Endurstilling aðgangsorðs ORRA

7. Þú opnar tölvupóstinn með eftirfarandi innihaldi sjá mynd hér fyrir neðan.
Smelltu á textann (hlekkur) „Endurstilla aðgangsorð“. Þ.e. ljósbláu línuna



FYI: Endurstilling aðgangsorðs
Tilkynning frá ORRA til: TEST-1
Please respond to oeps

Til **TEST-1**
Sent **17.12.2010 09:35:29**
Kenni **3793806**

[Endurstilla aðgangsorð](#) og fylgið leiðbeiningum skjámyndar. Þennan tölvupóst er hægt að hundsá ef ekki var beðið um endurstillingu aðgangsorðs, tengillinn er einungis tiltækur í stuttan tíma.

8. Sláðu inn notandanafnið þitt í reitinn *Notandanafn* og síðan nýtt aðgangsorð sem þú býrð til í reitinn *Aðgangsorð*.
Skráðu það svo aftur í reitinn *Staðfesta aðgangsorð*.
(Hvaða skilyrði aðgangsorð þurfa að uppfylla má sjá fremst í þessu skjali).
Smelltu síðan á hnappinn „**Staðfesta aðgangssorð**“

9. Smelltu á hnappinn „**Í lagi**“ til þess að fá innskráningarmynd Orra og þú átt að geta skráð þig inn með því að nota nýja aðgangsorðið.

10. Eða ef um Vinnustund er að ræða þá kemstu í hana við það að skrá þig inn í Orra (Oracle) og velur hana úr vallistanum.

Heimasíða Oracle viðskiptalausna

